

1874.
5. janúar.

árinu 1875, — en nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að hegningarhúsið verði notað, er það, að tilskipun um hegningarvald fyrir stjórn hegningarhússins komist í gildi áður —, varð dómsmálastjórnin að leggja það til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það nú þegar yrði óbreytt gjört að lögum, svo lagabóðið gæti komiðt heim til Íslands með fyrstu póstskeipsferð 1874 og yrði birt á manntalsþingum.

5. janúar.

3. Tilskipun um hlunnindi nokkur fyrir sparissjóði á Íslandi (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparissjóði á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Landshöfðinginn yfir Íslandi skal hafa vald til fyrir nákvæmar ákveðið tímabil og með þeim skilyrðum viðvíkjandi reikningsskilum o. fl., som þörf kann á að þykja, að veita sparissjóðum, sem eru eða kunna að verða stofnaðir þar, og sem svo er komið fyrir, að álita megi, að næg trygging sè fyrir því, að þeir sè fullveðja, hlunnindi þau, sem hér skulu talin, annaðhvort öll eða nokkur af þeim:

1) að stjórn sjóðsins geti, ef viðskiptabók, sem látin er af hendi fyrir fè, sem sett er í sjóðinn, glatast, með auglýsingu, sem prentuð sè þrisvar sinnum samfleytt í þeim tíðindum, sem birta skal í opinberar auglýsingar á Íslandi, innkallað með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefir sagt til sín, áður tæður frestur er liðinn, borgað þeim hlutareiganda, sem viðskiptabókina hefir fengið, upphæðina, án þess að nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að vera afsöluð, þar fyrir geti búið kröfu á hendur tæðum sjóð;

1874.

5. janúar.

2) að láta megi um stundar sakir fê ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðinn, til þess það verði ávaxtað þar, þangað til því verður komið á leigu gegn veði í fasteignum eða á annan lögmætan hátt, og

3) að sparisjóðurinn geti áskilið sér hærri leigu en 4 af hundraði fyrir lán gegn veði í fasteignum.

Í hvert skipti, sem landshöfðinginn samkvæmt þessu veitir íslenskum sparisjóðum tæð hlunnindi, skal hann senda dómsmála-stjórninni skýrslu um það.

Eptir þessu eiga hlutaðeigendur sér þegulega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.¹

Útaf bænarskrá nokkurri, þar sem stjórn sparisjóðsins, sem stofnaður er í Reykjavík, sókti um, að honum yrði veitt ýms hlunnindi, var það ihugað, hvað gjöra mætti yfirhöfuð frá hálfu stjórnarinnar, til þess að styðja eigi að eins sparisjóð þenna, heldur hvern annan sparisjóð, sem stofnaður kynni að verða á Íslandi; stjórnarráðið getur nú, samkvæmt konungsúrskurði 23. desbr. 1864 I., 3. gr. með veitingarbréfum í nafni konungs leyft nær sem vera skal, bæði að upphæðir þær, sem lagðar eru í sjóðinn, eigi verði kyrsettar eða hald á þær lagt, og að sjóðurinn megi án dóms og laga láta selja við uppboð veð í lausafê, en á hinn bóginn þurfti að fá sérstaka lagaheimild til þess, að íslenskir sparisjóðir gæti fengið ýms önnur hlunnindi, og var því samíð frumvarp til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, sem var lagt fyrir alþingi 1873. Alþing ræddi síðan frumvarpið á lögskipaðan hátt og lét uppi álit sitt um það, eins og hér skal sagt.

Þingið féllst á frumvarpið eins og það var lagt fyrir, og

¹) Tíðindi frá alþingi 1873, I., 17, 223—238, 239—253; II., 85—87, 178—180, 182—184 og 245—246.

1874.

5. janúar.

lagði til, að það yrði gjört að lögum með þeim breytingum, að 3. liður yrði felldur úr, og eins ákvörðunin í niðurlaginu um, að landshöfðingi skuli í hvert skipti, er hann veiti íslenskum sparísjóðum þau hlunnindi, sem talin eru í frumvarpinu, senda dómsmálastjórninni skýrslu um það. Að því leyti, er snerti 3. lið frumvarpsins, þá virtist þinginu eigi næg ástæða til að gjöra sparísjóðum hægra fyrir með að koma fê sínu á hærri leigu gegn veldi í fasteignum en opinberum sjóðum landsins, og kom sú skoðun fram undir umræðunum, að æskilegt væri, að allir þessir sjóðir og einnig sparísjóðirnir yrði sem fyrst hluttakandi í þeim hlunnindum, sem 3. töluliður gjörði ráð fyrir, og það allir jafnsnemma. Það vildi líka svo vel til, að sparísjóðnum í Reykjavík ekki að eins væri enginn bagi að þeim drætti, sem þar með yrði á að öðlast hin umgetnu hlunnindi, heldur væri hann ennþá ekki svo þroskaður, að hann gæti nú þegar notað hlunnindi þessi, þar sem hann eigi að svo komnu máli gæti fullnægt þeim kröfum, sem til hans væri gjörðar um lán gegn áreiðanlegri ábyrgð og lausafjárveði. Af þessum ástæðum og með þeirri von, að stjórnin sæi svo fyrir áð einnig aðrir sjóðir, en sparísjóðir, yrði aðnjótandi hinna sömu hlunninda, felldi þingið 3. lið frumvarpsins. Að því leyti, er snerti niðurlagið, fannst þinginu með öllu óþarft, að skylda landshöfðingjann að skýra dómsmálastjórninni frá, í hvert skipti og hann veitti íslenskum sparísjóðum þau hlunnindi, sem frumvarpið ræddi um, og ræði þingið því til, að sleppa þessari ákvörðun.

Um hina fyrri uppástungu alþingis hefir konungsfulltrúi látið þá skoðun í ljósi, að gefa mætti út tilskipun, er veitti opinberum stofnunum og sjóðum rétt þann, sem ætlaður er sparísjóðum í 3. lið frumvarpsins, og skyldi þá þessi tilskipun koma út um leið og frumvarpið yrði gjört að lögum; þar sem þingið hefir lýst því yfir, að það væri æskilegt, að hin umgetnu hlunnindi einnig yrði veitt opinberum stofnunum og sjóðum, virtist konungsfulltrúa það óþarft, að leggja frumvarp til tilskipunar um slík hlunnindi fyrir opinbera sjóði fyrir alþingi. En þó að þessu eigi yrði komið við, áleit konungsfulltrúi, að frumvarpið samt skyldi haldast óbreytt, með því sá eini sparísjóður, sem nú er

1874.
5. janúar.

búið að stofna, mundi hafa mikið gagn af þeim hlunnindum, sem hér er verið að ræða um, og mundi hann þá, ef þessi hlunnindi fengist, geta hækkað vöxtu af því fè, sem lagt er í hann, frá $3\frac{1}{4}$ % til $3\frac{1}{2}$ %.

Þarsem nú alþingi eigi hafði borð upp neina uppástungu um, að slík tilskipun, er veitti opinberum sjóðum og stofnunum þau hlunnindi, sem getið er um í 3. lið frumvarpsins, kæmi út, heldur að eins látið í ljósi þá von, að stjórnin sæi svo um, að einnig aðrir sjóðir, en sparisjóðir, yrði aðnjótandi þessara hlunninda, fannst stjórnarráðinu það gagnstætt því, sem segir í 4. gr. í tilsk. 28. maí 1831, að láta slíka tilskipun koma út án þess að frumvarp til hennar áður væri lagt fyrir alþingi, enda væri þessi aðferð með öllu ósamkvæm þeirri reglu, sem áður hefir verið fylgt, og bæri álitsskjal alþingis með sér, að alþingi alls ekki hafi búið við, að tilskipun, er veitti opinberum sjóðum hin umgetnu hlunnindi, kæmi út um leið og frumvarpið yrði gjört að lögum. Það atriði, sem hér kemur til yfirvegunar, er þá, hvort nú skyldi fresta að veita sparisjóðunum hlunnindi þessi, þangað til opinberir sjóðir gæti orðið þeirra aðnjótandi. Að áliti stjórnarráðsins verður að gæta þess, að það er öðru máli að gegna um sparisjóði, en um opinbera sjóði og stofnanir, með því sparisjóðirnir ávallt verða að hafa peninga til fyrir höndum, til þess þeir geti fengið lán, sem æskja þess, en þetta verður eigi heimtad af opinberum sjóðum, enda er það í sjálfu sér mjög efasamt, hvort það sé rétt, að veita opinberum sjóðum, t. a. m. jafnaðarsjóðum amtanna og hjálparsjóðnum, sem beinlínis liggur undir umsjón stjórnarinnar, heimild til þess að taka hærri vöxtu af lánnum, en lög leyfa einstökum mönnum. Með svofelldu móti virðist ekki vera næg ástæða til að fresta því, að veita sparisjóðum hin umgetnu hlunnindi, og það því síður, sem þau eru mikilsvarðandi fyrir þá; stjórnarráðið varð því að álíta, að eigi væri ástæða til að taka þessa uppástungu alþingis til greina, og hið sama var og um hina uppástunguna, að fella úr niðurlagið á frumvarpinu; um þá uppástungu gat konungsfulltrúi þess, að hún væri sprottin af þeirri ósk, sem alþing við umræðurnar um stjórnarbotarmálið áður hafði látið í ljósi, að hin ædsta

1874.

5. janúar.

stjórn landsins skyldi vera í landinu sjálfu, en þarsem þetta eigi hafði getað fengizt og alþingi sjálft, í bænarskrá sinni um stjórnarþót á Íslandi, til vara hafði farið ofan af því, væri uppástungan eigi svo þýðingarmikil, og var stjórnarráðið samdóma konungsfulltrúa í þessu.

Samkvæmt þessu lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum óbreytt.

22. janúar.

4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um breytingar á Auglýsing um póstmál 3. maí 1872.

Í bréfi, dagsettu 18. nóvbrm. f. á., hafð þér, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þér eptir tilmælum póstmeistarans í Reykjavík hafð af þeim ástæðum, sem þér nákvæmar takið fram, leyft, að bréfhirðingarstaðurinn á Stafafelli verði lagður niður frá 1. þ. m., og nýr bréfhirðingarstaður stofnaður á Hofi í Álptafirði í Austur-Skaptafellssýslu með 10 rd. launum á ári, og hafð þér farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki þessa ráðstöfun, og samkvæmt tilgreindum ástæðum stungið uppá, að gjörðar verði eptirfylgjandi breytingar á því, sem fyrir er mælt í Auglýsing um póstmál 3. maí 1872, 2., 7. og 8. gr. um stofnun póstafræiðslustaða og bréfhirðingarstaða á Íslandi og laun hlutaðeigandi embættisþjóna.

1. að laun póstafræiðslumannsins á Prestbakka verði hækkuð frá 15 rd. til 25 rd., og

2. að stofnaður verði póstafræiðslustaður í Bjarnanesi, í stað þess, að þar hefir verið bréfhirðingarstaður, og skuli launin vera 15 rd. á ári, allt talið frá 1. þ. m.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið fellst á breytingar þessar, og mælumst vèr til, að þér, herra landshöfðingi, sjáið um, að þær verði birtar almenningi á Íslandi.